

Fundur settur 18:05

Mætt eru : Kristján, Heiða Dís, Elisabeth, Valdimar, Sigríður og Þorsteinn.

1. UMSB þingið.

Þing UMSB var haldið í lok ápríl og var full mæting frá félaginu. Stjórnin væntir þess að hægt verði að ganga til samningagerðar milli UMSB og Borgarbyggð, sem allra fyrst.

2. Beitarsamningur.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar endurnýjaði beitarsamninginn við Hmf Borgfirðing og er hann til fjögurra ára , rennur út í lok árs 2029.

3. Gæðingamótið - verðlaunaplattar.

Það þarf að láta skrifa á plattana nýjustu sigurvegara af nýliðnu gæðingamóti, síðan á hengja plattanna upp á vegg í félagsheimilinu.

4. Úrtaka og Landsmót LH - stuðningur við landsmótsfara

Umræður um hvernig félagið getur stutt fólkið okkar áfram á LM. Ákveðið hefur verið að borga skráningarkostnað þeirra félaga sem komast áfram og vilja keppa á LM, auk þess ætlum við að ráða Bjarka Þór sem „þjálfara„ félagsins, hafa æfingartíma fyrir börn, unglinga og ungmenni eftir úrtöku, og fylgja þeim síðan á LM og vera okkur innan handar meðan á keppni stendur.

5. Umhirða keppnissvæðis

Búið er að ganga frá því að áhorfendabrekkan verði sleginn fyrir úrtökuna, það þyrfti svo að slá meðfram velli. Við viljum ræða við Veitur um að loka skurðinum sem að er fyrir framan völlinn í átt að reiðhöllinni, þar sem að hann lokar fyrir möguleikum að vinna á vélum.

6. Faxaborg – framkvæmdir

Reiðhöllinn Vindás hefur forræði þegar kemur að þessum framkvæmdum. Viljum drífa þetta af fyrir veturinn.

7. Félagsheimili – framkvæmdir

Við eigum til samþykktar teikningar af hurð sem á að setja upp vallar megin í félagsheimilinu, langhliðin sem að snýr að hesthúsahverfinu er sú sem fer fyrst af stað í endurbótum og stendur því til að loka hurðinni þar og opna nýja út á pallinn við félagsheimilið. Styrkur til þessa verks bíður inni hjá

Borgarbyggð og er planið að taka þetta í áföngum. Kristján ætlar að fara af stað með verkið.

8. Félagaskrá – innganga/úrsagnir.

Á skrá Abler eru 400 félagar, það hafa 20 skráð sig úr félaginu og 10 nýir komið inn. Fækkun því um 10 frá síðasta aðalfundi.

Fundi slitið 19:10